

14. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 v/grunnskóla haldinn

18. febrúar 2021 kl. 16.00

MÆTT: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H) sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri, Halla Gunnarsdóttir, fulltrúi starfsfólks, Einar Bjarnason og Sigurður Unnar Sigurðsson fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Steinunn Margrét Larsen, aðstoðarskólastjóri. Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sat fundinn vegna dagskrárliðar nr. 2. Freyja Þorkeldsdóttir, fulltrúi foreldraráðs, fékk því miður ekki fundarboð og mætti af þeim sökum ekki til fundarins.

FUNDARSTAÐUR: HUPPUSALUR.

DAGSKRÁ:

1. Skólanámskrá Flúðaskóla 2020-2021
2. Kynning á húsnæðismálum/breytingum
3. Skóla- og velferðarþjónusta Suðurlands
4. „Fréttir“ af skólastarfi
5. Til upplýsinga og ályktunar :
 - a) Áskorun samtaka grænkeru á Íslandi
 - b) Skýrsla Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrár.

1. Skólanámskrá Flúðaskóla 2020-2021.

Skólastjóri fór yfir málið. Skólanefnd samþykkir skólanámsskránnu sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.

2. Kynning á húsnæðismálum/breytingum

Jón, sveitarstjóri fór yfir hugmyndir sem unnar eru af Eyrúnu M. Stefánsdóttur, arkitekt. Þar er að finna tvær hugmyndir um útfærslu skólalóðarinnar þar sem tilgangurinn er m.a. að bæta aðstöðuna fyrir kennslueldhús og mögulega nýja staðsetningu fyrir verkgreinar.

Hugmynd A snýst um að breyta notkun núverandi útibyggingar íþróttahússins og mögulegrar viðbyggingar við hana. Áætlaður kostnaður er á bilinu 65 til 95 milljónir.

Hugmynd B snýst um að byggja við Flúðaskóla á svæðinu á milli núverandi kennslustofa (tvær hæðir) og kennslueldhússins. Áætlaður kostnaður er á bilinu 240 til 280 milljónir.

Formaður þakkaði Jóni fyrir kynninguna og opnaði fyrir umræður um málið.

Skólastjóri benti á að lengi hefur legið fyrir að endurnýja þurfi heimilisfræðistofuna, það liggi mest á úrbótum þar.

Jón sagði húsnæðisþörfina hafa verið skoðaða í heild sinni, m.a. gagnvart skólasetlinu og félagsmiðstöðinni. Einnig hafa aðgengismál komið inn í þá umræðu.

Skólanefnd telur farsælast að unnið verði með hugmynd B þar sem hún taki t.d. betur á þeim málum sem snúa að heimilisfræðistofunni og þannig verði allt skólastarfið í einu húsnæði. Íþróttastarfið geti þá vaxið og dafnað í sínu húsnæði í framtíðinni. Lögð verði áhersla á að koma heimilisfræðistofunni í viðunandi horf sem fyrst.

3. Skóla- og velferðarþjónusta Suðurlands.

Formaður lagði til að þessum lið verði frestað til næsta fundar, þar sem fulltrúi frá Skóla- og velferðarþjónustunni komst ekki til fundarins, og var það samþykkt.

4. Fréttir af skólastarfi

Skólastjóri fór yfir hvernig skólastarfið hefur gengið fyrir sig að undanförunu. Í skólanum eru nú 97 nemendur og hefur starfið almennt gengið vel fyrir sig miðað við þær aðstæður sem uppi eru.

5. Til upplýsinga og ályktunar :

a) Áskorun samtaka grænkerana á Íslandi

Formaður lagði fram, til kynningar, áskorun frá Samtökum grænkerana á Íslandi. Þar er skorað á leik- og grunnskóla landsins að bjóða upp á grænkerafæði, a.m.k. einu sinni í viku í janúarmánuði.

b) Skýrsla Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Formaður lagði fram, til kynningar, skoðunarskýrslu frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands vegna Flúðaskóla. Eftirlitið var framkvæmt þann 27. jan sl. Engin alvarleg frávik eru tilgreind í skýrslunni, en þó er bent á 17 frávik. Búið er að bæta úr nokkrum atriðum og til stendur af farið í þau sem sem eftir standa.

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið kl. 17.00. Næsti fundur ákveðinn síðar.